

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

182

15. okt.

### I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.45 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 6.50 á ári á fermetra gólfplatár í rúmi því, sem lýsa skal. Þar, sem gólfpletir eru tiltölulega stórir, miðað við ljósmagn, er heimilt að veita afslátt á fastagjaldi, samkvæmt reglum, er rafveitustjóri setur.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 35 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.00 á mánuði af fyrsta herbergi hvernar íbúðar og kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup> telst sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.

#### C. Vélar.

1. Um kwst.mæli á 80 aura hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 200.00 á ári á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Ef uppsett rafvélaafli fastra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw., um kwst.mæli:
  - a. Á 40 aura hverja kwst.
  - b. Á 25 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en eigi lengur en 1½ klst. í senn.

#### D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 12 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 7 aura hverja kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9.

#### Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að vélaafli, línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annast viðhald þeirra, og kostar notandinn þá tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mælitækja.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

182

**E. Önnur raforkunotkun.**

15. okt.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða um kwst.mæli á 33 aura hverja kwst., enda séu suðutækin fasttengd og notkunin mæld um sérmæli.
2. Til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á 80 aura hverja kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 12 aura hverja kwst., enda sé straumurinn rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 12 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og 80 aura hverja kwst. frá kl. 8.30 til 22.
4. Til götu- og hafnarlýsingar um kwst.mæli á 85 aura hverja kwst., og annast rafveitan þá rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlíð A-1. Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjórn þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi, en eigi lengur en til eins árs í senn.

**II. MÆLALEIGA**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækis, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

- |  |                    |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....    | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minni ..... | — 3.00 — —         |
| 3. Af þrífasa mælum 50 til 100 amp. ....   | — 7.00 — —         |
| 4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. ....     | — 10.00 — —        |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

**III. HEIMTAUGARGJALD**

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem hér segir:

- |  |            |
|--|------------|
| 1. Grunn gjald fyrir hverja loftlínuheimtaug ..... | kr. 300.00 |
| 2. Grunn gjald fyrir hverja jarðlínuheimtaug ..... | — 450.00   |

Auk þessa grunn gjalds skal greiða kr. 8.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Hálfu þúsundi eða minna í brunabótamati skal sleppa í útreikningi þessum, en ella hækka í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjaldsins um leið og uppsetningu heimtaugar er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á eftirstöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og (eða) gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

## IV. OPNUNARGJALD

182

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

15. okt.

## V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Gjöld samkvæmt D-lið I. kafla gjaldskrárinnar breytast með kolaverði, þannig að gjaldskrárverðið teljist svara til 400 króna útsöluverðs á kolum á Húsavík og hækki og lækka í sama hlutfalli og útsöluverð kola í bænum.

## VI. HEIMILD TIL BREYTINGA

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórnin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Húsavíkur, nr. 90 13. júlí 1948.

*Atvinnumálaráðuneytið, 15. október 1951.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## GJALDSKRÁ

183

fyrir eftirtalda flugvelli og sjóflughafnir:

18. okt.

Akureyrarflughöfn, Akursflugvöll, Egilsstaðaflugvöll, Fagurhólsmýrarflugvöll, Hornafjarðarflugvöll, Ísafjarðarflughöfn, Melgerðisflugvöll, Reyðarfjarðarflughöfn, Sauðárkróksflugvöll og Vestmannaeyjaflugvöll.

1. gr.

Fyrir lendingar á landi eða sjó skal greiða kr. 3.00 á hverja smálest flugvélarinnar fullhlaðinnar, allt að 20 smálestum, en kr. 1.50 á hverja smálest, sem þar er fram yfir. Hluti af smálest reiknast sem neil lest. Minnsta gjald er kr. 10.00.

2. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 18. október 1951.*

**Björn Ólafsson.**

*Páll Pálmason.*